



Fundargerð stjórnar HSI

Miðvikudaginn 12. ágúst 2020



Priðji fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 12. ágúst 2020 kl. 12.00.

Mættir voru: Alfreð Örn Finnsson, Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Guðmundur B. Ólafsson, Inga Lilja Lárusdóttir og Jón Viðar Stefánsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 6 mánaða uppgjör
AP kynnti 6 mánaða uppgjör.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Verkefni sumarsins
RG renndi yfir verkefni sumarsins og stöðuna á ráðningum þjálfara yngri landsliða. Öll lið eru að verða mönnuð og verður gengið frá síðustu ráðningum í mánuðinum. U18 og U16 ára landslið kvenna fóru til Færeyja um Verslunarmannahelgina og gekk sú ferð mjög vel. Samtal er í gangi við Færeyjar um frekara samstarf.
 - b. Staða styrktaraðila
RG renndi yfir stöðu styrktaraðila en viðræður um endurnýjun er í gangi við þau fyrirtæki sem renna út af samningi í lok árs.
 - c. Markaðsherferð haustið 2020
RG kynnti markaðsherferð sem fer af stað í haust. Stjórn lýsti yfir mikilli ánægju með drögin af herferðinni.
 - d. Lógó HSÍ
Kynningunni er frestað til næsta fundar
4. Mótamál næsta árs
Samið hefur verið minnisblað sem lagt hefur verið fyrir ÍSÍ og yfirvöld. Mótanefnd fylgist vel með stöðunni en stefnt er að því að mótin hefjist á eðlilegum tíma
5. Formannafundur
RG mun boða til formannafundar fljótlega.
6. Skipan nefnda
Nefndarformenn eru beðnir um að koma með tillögur að nefndum fyrir næsta fund stjórnar.
7. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 2. september kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.



Róbert Geir Gíslason, fundarritari